

Mosfellsbær
Ársreikningur
2010

Mosfellsbær
Pverholti 2
270 Mosfellsbæ

Kt. 470269-5969

Efnisyfirlit

Áritun bæjarstjóra og bæjarstjórnar	3
Áritun óháðs endurskoðanda og skoðunarmanna	4
Rekstrarreikningur	5
Efnahagsreikningur	6
Sjóðstreymisyfirlit	7
Skýringar	8

Áritun bæjarstjóra og bæjarstjórnar

Ársreikningur Mosfellsbæjar er gerður í samræmi við sveitarstjórnarlög, lög um ársreikninga, reglugerð um bókhald og ársreikninga sveitarfélaga og auglýsingar ráðuneytisins sveitarstjórnarmála um reikningskil sveitarfélaga.

Rekstrartekjur sveitarfélagsins á árinu námu 4.642,8 millj. kr. samkvæmt ársreikningi fyrir A og B hluta, en þar af námu rekstrartekjur A hluta 4.251,4 millj. kr. Álagningarhlutfall útsvars var 13,19% en lögbundið hámark þess var 13,28%. Álagningarhlutfall fasteignaskatts í A-flokki nam 0,22% en lögbundið hámark þess er 0,5%, í B-flokki nam álagningarhlutfall 1,32% sem er lögbundið hlutfall og í C-flokki nam álagningarhlutfallið 1,3% en lögbundið hámark þess er 1,32%. Auk þess hafa sveitarstjórnir heimild til að hækka álagningarhlutfall í A og C-flokki um allt að 25%. Rekstrarniðurstaða sveitarfélagsins, samkvæmt ársreikningi A og B hluta, var neikvæð um 204,7 millj. kr., og rekstrarniðurstaða A hluta var einnig neikvæð um 214,3 millj. kr. samkvæmt rekstrarreikningi. Eigið fé sveitarfélagsins í árslok 2010 nam 3.597,2 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi, en þar af nam eigið fé A hluta 3.293,1 millj. kr.

Ársreikningur Mosfellsbæjar fyrir árið 2010 er tilbúinn til afgreiðslu í bæjarstjórn í samræmi við ákvæði 72. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998.

Mosfellsbæ, 11. maí 2011

Bæjarstjóri:

Ársreikningur Mosfellsbæjar fyrir árið 2010 hefur hlotið afgreiðslu bæjarstjórnar í samræmi við ákvæði 72. gr. sveitarstjórnarlaga og er staðfestur og áritaður við síðari umræðu í bæjarstjórn.

Mosfellsbæ, 25. maí 2011

Bæjarstjórn:

Áritun óháðs endurskoðanda og skoðunarmanna

Til bæjarstjórnar Mosfellsbæjar

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Mosfellsbæjar fyrir árið 2010. Ársreikningurinn hefur að geyma ársreikning fyrir A hluta starfsemi sveitarfélagsins og ársreikning fyrir A og B hluta. Hann greinist í áritun bæjarstjóra og bæjarstjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisýfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og glögga framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Ábyrgðin felur í sér að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar gerð og glögga framsetningu ársreikningsins, sem er í meginatriðum án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Ábyrgð stjórnenda nær einnig til þess að beitt sé viðeigandi reikningsskilaaðferðum og mati miðað við aðstæður.

Ábyrgð endurskoðanda

Ábyrgð okkar felst í því álitum sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fáiast um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðunin felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og öðrum upplýsingum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggist á faglegu mati endurskoðandans, þar með talið á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits sem varðar gerð og glögga framsetningu ársreiknings, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits sveitarfélagsins. Endurskoðunin felur einnig í sér mat á þeim reikningsskilaaðferðum og matsaðferðum sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu sveitarfélagsins á árinu 2010, efnahag þess 31. desember 2010 og breytingu á handbæru fé á árinu 2010, í samræmi við lög um ársreikninga.

Staðfesting vegna skýrslu bæjarstjóra og bæjarstjórnar

Í samræmi við ákvæði 5. tl. 1. mgr. 106 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu bæjarstjóra og bæjarstjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.


Reykjavík, 11. maí 2011

KPMG hf.



Við undirritaðir kjörnir skoðunarmenn Mosfellsbæjar, höfum yfirfarið ársreikning sveitarfélagsins fyrir árið 2010. Leggjum við til að ársreikningurinn verði samþykktur.

Mosfellsbæ, 11. maí 2011



Rekstrarreikningur ársins 2010

		A hluti		A og B hluti			
	Skýr	Ársreikningur	Áætlun	Ársreikningur	Ársreikningur	Áætlun	Ársreikningur
		2010	2010	2009	2010	2010	2009
Rekstrartekjur:							
Útsvar og fasteignaskattur	4	3.125.895	3.152.464	3.191.717	3.121.005	3.147.063	3.191.717
Framlög Jöfnunarsjóðs	4	321.080	299.940	209.649	321.080	299.940	209.649
Aðrar tekjur	4	659.332	548.748	740.858	1.065.555	947.818	1.253.213
		<u>4.106.307</u>	<u>4.001.152</u>	<u>4.142.224</u>	<u>4.507.640</u>	<u>4.394.821</u>	<u>4.654.579</u>
Rekstrargjöld:							
Laun og launatengd gjöld	5	2.424.372	2.355.373	2.326.044	2.442.503	2.370.889	2.342.225
Annar rekstrarkostnaður	6	1.417.993	1.359.046	1.542.804	1.611.320	1.554.132	1.730.096
Afskriftir	9	185.302	172.252	147.051	247.804	236.120	215.214
		<u>4.027.667</u>	<u>3.886.671</u>	<u>4.015.899</u>	<u>4.301.627</u>	<u>4.161.141</u>	<u>4.287.534</u>
Rekstrarniðurstaða án fjármuna- tekna og fjármagnsgjalda		78.640	114.481	126.325	206.013	233.680	367.045
Fjármunatekjur og (fjármagns- gjöld)	7	(293.433)	(326.120)	(460.546)	(414.749)	(452.625)	(652.296)
Tekjuskattur		461	0	12.442	4.068	0	18.593
Rekstrarniðurstaða	14	<u>(214.332)</u>	<u>(211.639)</u>	<u>(321.779)</u>	<u>(204.668)</u>	<u>(218.945)</u>	<u>(266.657)</u>

Efnahagsreikningur

		Eignir			
		A hluti		A og B hluti	
Skýr.		2010	2009	2010	2009
Fastafjármunir:					
Varanlegir rekstrarfjármunir:					
	Fasteignir, lóðir og lendur	8.070.812	7.760.559	8.292.911	7.990.574
	Veitukerfi og gatnamannvirki	862.932	824.084	2.131.996	2.019.176
	Vélar, áhöld og tæki	18.279	21.336	18.866	21.924
	Leigðar eignir	196.204	144.006	196.204	144.006
9		<u>9.148.226</u>	<u>8.749.985</u>	<u>10.639.976</u>	<u>10.175.680</u>
Áhættufjármunir og langtímakröfur:					
	Eignarhlutir í félögum	205.461	205.461	205.461	205.461
	Skatteign	0	0	55.918	52.311
	Langtímakröfur	109.374	123.461	110.830	125.215
	Langtímakröfur á eigin fyrirtæki	483.969	483.246	0	0
		<u>798.804</u>	<u>812.168</u>	<u>372.209</u>	<u>382.987</u>
	Fastafjármunir	<u>9.947.030</u>	<u>9.562.154</u>	<u>11.012.185</u>	<u>10.558.668</u>
Veltufjármunir:					
	Birgðir	3.764	3.731	3.764	3.731
Skammtímakröfur:					
	Óinnheimtar skatttekjur	406.230	382.672	406.230	382.672
	Næsta árs afborganir langtíma- krafna á eigin fyrirtæki	11.894	11.092	0	
	Næsta árs afborganir annarra langtímakrafna	15.744	27.424	16.088	27.751
	Skammtímakröfur á eigin fyrirtæki	225.662	181.431	0	0
	Aðrar skammtímakröfur	163.895	252.213	217.541	284.097
	Handbært fé	15.750	4.324	16.422	4.643
	Veltufjármunir	<u>842.940</u>	<u>862.886</u>	<u>660.045</u>	<u>702.894</u>
	Eignir samtals	<u>10.789.970</u>	<u>10.425.040</u>	<u>11.672.229</u>	<u>11.261.561</u>
Eignir utan efnahagsreiknings 3l					

31. desember 2010

Eigið fé og skuldir

	Skýr.	A hluti		A og B hluti	
		2010	2009	2010	2009
Eigið fé:					
Eiginfjárreikningur	14	3.293.101	3.507.432	3.597.242	3.801.910
Skuldbindingar:					
Lífeyrisskuldbinding	15	866.789	833.636	866.789	833.636
Tekjuskattsskuldbinding	16	5.125	5.586	5.125	5.586
		871.914	839.222	871.914	839.222
Langtímaskuldir:					
Skuldir við lánastofnanir	17	5.067.627	4.606.497	5.602.796	5.159.325
Leiguskuldir	18	285.269	222.634	285.269	222.634
		5.352.896	4.829.131	5.888.066	5.381.959
Skammtímaskuldir:					
Skuldir við lánastofnanir		162.520	79.493	162.520	79.493
Skuldir við eigin fyrirtæki		1.193	54.148	0	0
Næsta árs afborganir langtímaskulda	17	549.701	462.450	581.800	493.546
Næsta árs afborganir leiguskulda	18	23.873	30.222	23.873	30.222
Aðrar skammtímaskuldir		534.773	622.942	546.814	635.210
		1.272.060	1.249.255	1.315.009	1.238.471
Skuldir og skuldbindingar samtals		7.496.870	6.917.608	8.074.988	7.459.651
Eigið fé og skuldir samtals		10.789.970	10.425.040	11.672.229	11.261.561

Skuldbindingar utan
efnahagsreiknings

Sjóðstreymisýfirlit 2010

	Skýr.	A hluti				A og B hluti	
		Ársreikningur	Áætlun	Ársreikningur	Ársreikningur	Áætlun	Ársreikningur
		2010	2010	2009	2010	2010	2009
Rekstrarhreyfingar:							
Rekstrarniðurstaða.....	14	(214.332)	(211.639)	(321.779)	(204.668)	(218.945)	(266.657)
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:							
Afskriftir	9	185.302	172.252	147.051	247.804	236.120	215.214
Verðbætur og gengismunur		117.374	143.218	314.054	145.101	175.336	409.176
Tekjuskattur, breyting		(461)	0	(12.442)	(4.068)	0	(18.593)
Lífeyrisskuldbinding, breyting	15	51.296	50.000	49.576	51.296	50.000	49.576
Sala rekstrarfjármuna og uppgjör vegna gatna		(53.034)	(47.000)	(147.834)	(53.034)	(47.000)	(256.906)
Veltufé frá rekstri		86.145	106.831	28.626	182.431	195.511	131.810
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:							
Birgðir, (hækkun)		(33)	0	(1.011)	(33)	0	(1.011)
Óinnheimtar skatttekjur, (hækkun) .		(23.558)	(50.000)	(34.447)	(23.558)	(50.000)	(34.447)
Skammtímakröfur, (hækkun) lækkun		88.318	0	(90.287)	66.556	0	(85.736)
Skammtímaskuldir, (lækkun) hækkun ...		(88.169)	18.118	(59.020)	(88.396)	18.118	(59.591)
Greitt vegna lífeyrisskuldbindingar .	15	(18.143)	(19.400)	(18.933)	(18.143)	(19.400)	(18.933)
Breyting á rekstrartengdum eignum og skuldum		(41.587)	(51.282)	(203.696)	(63.575)	(51.282)	(199.717)
Handbært fé frá (til) rekstri		44.559	55.549	(175.070)	118.857	144.229	(67.907)
Fjárfestingarhreyfingar:							
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum	9	(568.080)	(474.000)	(1.092.464)	(696.638)	(493.000)	(1.126.686)
Uppgjör gatnahverfa		108.152	0	0	108.152	0	256.225
Eignarhlutir í félögum, breyting		0	0	(6.654)	0	0	(6.654)
Langtímakröfur, breyting		27.556	27.679	23.991	27.887	28.005	24.293
Langtímakröfur á eigin fyrirtæki, breyting		11.382	11.258	10.615	0	0	0
Fjárfestingarhreyfingar		(420.990)	(435.063)	(1.064.513)	(560.599)	(464.995)	(852.823)
Fjármögnunarhreyfingar:							
Flutt frá B hluta		0	0	141.149	0	0	0
Afborganir langtímalána	17	(495.845)	(491.924)	(365.881)	(527.369)	(522.908)	(501.021)
Afborganir leiguskulda		(22.138)	(30.222)	0	(22.138)	(30.222)	0
Tekin ný langtímalán		920.000	950.000	1.800.000	920.000	950.000	1.800.000
Viðskiptastaða eigin fyrirtækja, breyting		(97.187)	28.084	42.698	0	0	
Skammtímalán, breyting		83.028	(79.493)	(384.823)	83.028	(79.493)	(384.823)
Fjármögnunarhreyfingar		387.858	376.445	1.233.142	453.521	317.377	914.156
Hækkun (lækkun) á handbæru fé ...		11.427	(3.069)	(6.440)	11.779	(3.389)	(6.574)
Handbært fé í ársbyrjun		4.324	4.323	10.764	4.643	4.643	11.218
Handbært fé í árslok		15.751	1.254	4.324	16.422	1.254	4.643

Skýringar

1. Upplýsingar um sveitarfélagið

Mosfellsbær er sveitarfélag á höfuðborgarsvæðinu og voru íbúar 8.631 þann 1. desember 2010. Skrifstofa sveitarfélagsins er að Þverholti 2 í Mosfellsbæ.

Mælt er fyrir um grundvallarþætti stjórnsýslu og starfsemi sveitarfélaga í sveitarstjórnarlögum nr. 45/1998.

2. Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningur Mosfellsbæjar fyrir árið 2010 hefur að geyma ársreikning fyrir þær rekstrareiningar sem falla undir A hluta starfsemi sveitarfélagsins og ársreikning fyrir alla starfsemi þess, þ.e. A og B hluta, sbr. 60. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 45/1998.

Til A hluta telst starfsemi sem að hluta eða öllu leyti er fjármögnuð með skatttekjum. Hér er um að ræða Aðalsjóð, en auk hans Eignasjóð Mosfellsbæjar, Þjónustumiðstöð Mosfellsbæjar og Fasteignafélagið Lækjarhlíð ehf. Til B hluta teljast fjárhagslega sjálfstæð fyrirtæki sem að hálfu eða meirihluta eru í eigu sveitarfélagsins, en rekstur þessara fyrirtækja er fjármagnaður með þjónustutekjum. Fyrirtæki sem falla undir B hluta starfsemi sveitarfélagsins eru Hitaveita Mosfellsbæjar, Vatnsveita Mosfellsbæjar, Fráveita Mosfellsbæjar, Félagslegar íbúðir og Félagsheimilið Hlégarður.

Ársreikningurinn er gerður samkvæmt kostnaðarverðsreglu og í samræmi við sveitarstjórnarlög, lög um ársreikninga nr. 3/2006, reglugerð um bókhald og ársreikninga sveitarfélaga nr. 944/2000 og auglýsingar ráðuneytis sveitarstjórnarmála um reikningsskil sveitarfélaga. Ársreikningurinn byggir í meginatriðum á sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

Stöður í efnahagsreikningi milli rekstrareininga í A hluta og viðskipti milli þeirra eru felld út í ársreikningi A hluta. Í ársreikningi fyrir A og B hluta eru felldar út stöður í efnahagsreikningi og viðskipti milli allra rekstrareininga sveitarfélagsins. Af viðskiptum milli rekstrareininga sveitarfélagsins má nefna álagða fasteignaskatta, húsaleigu Eignasjóðs og önnur innbyrðis viðskipti vegna kaupa á vöru og þjónustu.

3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir

Reikningsskilaaðferðum sem settar eru fram hér á eftir hefur verið beitt með samræmdum hætti á þeim tímabilum sem birt eru í ársreikningnum, nema annað sé tekið fram.

a. Innlausn tekna

Skatttekjur eru færðar til tekna við álagningu þeirra en til lækkunar er færð reiknuð niðurfærsla vegna óinnheimtra skatttekna. Til skatttekna heyra útsvar, fasteignaskattur og framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga, auk annarra tekna sem hafa ígildi skatta, svo sem lóðarleiga.

Tekjur vegna gatnagerðar eru færðar til lækkunar á viðkomandi eignalið í efnahagsreikningi s.s. framkvæmdakostnað vegna nýbyggingar gatnamannvirkja sbr. d lið. Tekjur umfram framkvæmdakostnað eru færðar meðal skammtímaskulda í efnahagsreikningi. Reynist kostnaður við framkvæmdir lægri en tekjur vegna viðkomandi verkefnis er færsla tekna í rekstrarreikning gerð við verklok.

Tekjur af sölu þjónustu og vöru eru færðar þegar afhending hefur farið fram og kröfuréttur myndast.

Áfallnar vaxtatekjur eru færðar til tekna í samræmi við höfuðstól og skilmála vaxtaberandi krafna. Arðstekjur eru færðar til tekna þegar réttur til þeirra hefur myndast.

Hagnaður eða tap af sölu varanlegra rekstrarfjármuna og fasteignatengdra réttinda er reiknað sem mismunur söluverðs og bókfærðs verðs og er hann færður í rekstrarreikning meðal rekstrartekna eða -gjalda, eftir því sem við á.

Skýringar, frh.:

3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir frh.:

b. Færsla gjalda

Útgjöld eru færð í ársreikninginn á því tímabili sem til þeirra er stofnað og kröfuréttur seljanda hefur myndast.

c. Verðlags- og gengisviðmið

Eignir og skuldir, sem bundnar eru verðlagsvísitölu eða gengi erlendra gjaldmiðla eru færðar í ársreikninginn miðað við verðlag eða gengi í árslok. Verðlagsbreytingar og gengismunur sem myndast er færður í rekstrarreikning.

d. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eignar í efnahagsreikningi á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Fjárfesting vegna gatnagerðarframkvæmda er eignfærð að frádregnum tekjum er tengjast viðkomandi verkefni.

Leigðar eignir eru fasteignir og önnur mannvirki sem sveitarfélagið leigir til sín samkvæmt leigusamningum sem eru að lágmarki til þriggja ára og ekki uppsegjanlegir af hálfu sveitarfélagsins innan árs á upphafsdegi leigusamnings.

Kostnaðarverð leigðrar eignar telst vera gangverð hinnar leigðu eignar á samningsdegi eða núvirði lágmarksleigugreiðslna leigusamnings sé það lægra.

Lóðir og lendur sem sveitarfélagið hefur leigutekjur af eru færðar á gangverði eða núvirði framtíðarleigutekna samkvæmt fyrirbyggjandi leigusamningum sé það lægra. Lóðir og lendur eru endurmetnar með reglubundnum hætti. Endurmat lóða og lendna er fært á eiginfjárræikning.

e. Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna annarra en leigðra eigna

Afskriftir eru reiknaðar sem fastur hundraðshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna þar til 10% niðurlagsverði er náð. Eignfærðar jarðeignir eru ekki afskrifaðar. Áætlaður nýtingartími rekstrarfjármuna greinist þannig:

Fasteignir.....	40 ár
Veitukerfi.....	40 ár
Gatnakerfi.....	25 ár
Áhöld og búnaður.....	6-7 ár

Lóðir og lendur sem sveitarfélagið hefur leigutekjur af eru ekki afskrifaðar.

f. Afskriftir leigðra eigna

Afskriftir leigðra eigna eru reiknaðar sem fastur hundraðshluti miðað við leigutíma eða nýtingartíma sé hann styttri. Sé ljóst að sveitarfélagið eignist hina leigðu eign í lok leigutíma er miðað við nýtingartíma viðkomandi eignar. Afskriftartími leigðra eigna greinist þannig:

Háholt 14, Listaskóli.....	6 ár
Þverholt 2, 1. hæð, bókasafn, listasalur og þjónustuver.....	15 ár
Þverholt 2, 2. hæð, skrifstofur og fundarsalir.....	13 ár

g. Eignarhlutir í félögum

Eignarhlutir í félögum, byggðasamlögum og eigin fyrirtækjum eru færðir á kostnaðarverði. Framlög sveitarfélagsins til byggðasamlaga og ýmissa verkefna teljast hluti kostnaðar vegna viðeigandi málaflökks.

Skýringar, frh.:

3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir frh.:

h. Langtímakröfur

Langtímakröfur eru færðar til eignar í samræmi við lánskjör. Næsta árs og gjaldfallnar afborganir langtímakrafna eru færðar í efnahagsreikning meðal veltufjármuna.

Reiknaðir eru 4,5% ársvextir á langtímakröfur á eigin fyrirtæki, en lánin eru bundin vísitölu neysluverðs.

i. Birgðir

Birgðir af vörum eru metnar á kostnaðarverði.

j. Óinnheimtar skatttekjur og aðrar kröfur

Óinnheimtar skatttekjur, aðrar kröfur og verðbréf eru færð niður til að mæta almennri áhættu sem fylgir kröfueign sveitarfélagsins, en hér er ekki um endanlega afskrift að ræða. Annars vegar er um að ræða niðurfærslu vegna krafna sem sérstaklega hafa verið metnar í tapshættu og hins vegar niðurfærslu til að mæta almennri áhættu. Niðurfærslan er dregin frá viðkomandi liðum í efnahagsreikningi.

k. Handbært fé

Sjóðir og bankainnstæður teljast til handbærs fjár.

l. Eignir utan efnahagsreiknings

Fjárfesting í landi sem ekki er leigt út og umferðarmannvirkjum fyrir ársbyrjun 2002 er ekki færð til eignar í efnahagsreikningi.

m. Tekjuskattseign

Tekjuskattseign/skuldbinding er reiknuð og færð í ársreikninginn þar sem um skattskyldu er að ræða. Útreikningur hennar byggist á mismun efnahagsliða samkvæmt skattuppgjöri annars vegar og ársreikningi hins vegar. Mismunur efnahagsliða sem þannig kemur fram stafar af því að álagning tekjuskatts er miðuð við aðrar forsendur en reikningsskil og er þar í meginatriðum um að ræða tímabundinn mismun vegna þess að gjöld eru að jafnaði færð fyrir í skattuppgjöri en í ársreikningi.

n. Lífeyrisskuldbinding

Lífeyrisskuldbinding vegna lífeyrisréttinda starfsmanna sveitarfélagsins er færð sem langtímaskuld í efnahagsreikningi á grundvelli tryggingarfræðilegrar úttektar á árinu 2010. Reiknuð breyting á skuldbindingunni á árinu er gjaldfærð í rekstrarreikningi sbr. skýringu 15.

o. Langtímaskuldir

Langtímaskuldir eru færðar í efnahagsreikning í árslok eins og lánskjör segja til um. Næsta árs afborganir langtímaskulda eru færðar meðal skammtímaskulda.

p. Leiguskuldir

Við upphaflega skráningu skuldbindingar vegna leigusamninga er leiguskuld færð á gangvirði hinnar leigðu eignar eða núvirði lágmarksleigugreiðslna leigusamnings sé það lægra. Lágmarksleigugreiðslur fjármögnunarleigusamninga er skipt í vaxtagjöld og afborganir á eftirstöðvum skulda. Vaxtagjöldunum er dreift á leigutímann miðað við virka vexti.

Lágmarksleigugreiðslur eru þær greiðslur á samningstíma sem leigutaka er skylt að greiða eða hann kann að verða krafinn um, að undanskilinni skilyrtri leigu, sem og viðhaldi, þjónustukostnaði, tryggingum og sköttum sem leigusali greiðir.

Við útreikning á núvirði lágmarksleigugreiðslu er miðað við ávöxtunarkröfu leigusala ef það er gerlegt að ákvarða hana, en ef ekki er miðað við lánskjör sveitarfélagsins af nýju fjármagni á þeim tíma sem samningur er gerður.

Skýringar, frh.:

3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir frh.:

q. Ábyrgðir og aðrar skuldbindingar utan efnahagsreiknings

Skrá um ábyrgðir og aðrar skuldbindingar sveitarfélagsins utan efnahagsreiknings er birt í skýringum 21.

r. Fjárhagsáætlun

Fjárhagsáætlun sveitarfélagsins fyrir árið 2010 er birt sem samanburðarfjárhæðir í rekstrarreikningi, sjóðstreymisfirliti og skýringum.

4. Rekstrartekjur

Rekstrartekjur greinast þannig:

	A hluti		A og B hluti	
	Ársreikningur 2010	Áætlun 2010	Ársreikningur 2010	Áætlun 2010
Útsvar og fasteignaskattur:				
Útsvar	2.695.950	2.709.000	2.695.950	2.709.000
Fasteignaskattur	464.015	460.000	464.015	460.000
Lóðarleiga	72.455	74.000	72.455	74.000
Innri viðskipti.....	(106.525)	(90.536)	(111.415)	(95.937)
	<u>3.125.895</u>	<u>3.152.464</u>	<u>3.121.005</u>	<u>3.147.063</u>
Framlög Jöfnunarsjóðs:				
Framlag vegna fasteignaskatts	25.121	18.600	25.121	18.600
Framlag vegna grunnskóla	133.128	141.000	133.128	141.000
Önnur framlög	162.831	140.340	162.831	140.340
	<u>321.080</u>	<u>299.940</u>	<u>321.080</u>	<u>299.940</u>
Skatttekjur samtals.....	<u>3.446.975</u>	<u>3.452.404</u>	<u>3.442.085</u>	<u>3.447.003</u>
Aðrar tekjur:				
Þjónustutekjur	438.319	426.934	904.836	870.297
Eignatekjur	32.170	15.425	66.744	52.390
Vörur og þjónusta til eigin nota	936.525	905.816	944.581	913.873
Endurgreiðslur	90.499	50.529	90.587	50.529
Aðrar tekjur	11.580	11.164	11.581	11.163
Innri viðskipti.....	(849.761)	(861.120)	(952.774)	(950.434)
	<u>659.332</u>	<u>548.748</u>	<u>1.065.555</u>	<u>947.818</u>
Rekstrartekjur samtals	<u>4.106.307</u>	<u>4.001.152</u>	<u>4.507.640</u>	<u>4.394.821</u>

5. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

Laun	1.883.094	1.862.378	1.898.087	1.875.605
Launatengd gjöld	484.259	437.972	487.398	440.261
Annar starfsmannakostnaður.....	5.723	5.023	5.722	5.023
	<u>2.373.076</u>	<u>2.305.373</u>	<u>2.391.207</u>	<u>2.320.889</u>
Lífeyrisskuldbinding, breyting	51.296	50.000	51.296	50.000
Laun og launatengd gjöld samtals	<u>2.424.372</u>	<u>2.355.373</u>	<u>2.442.503</u>	<u>2.370.889</u>

Í árslok 2010 störfuðu 551 starfsmenn hjá sveitarfélaginu í 443 stöðugildum.

Laun bæjarstjórnar og bæjarstjóra námu 29,0 millj. kr. á árinu 2010.

Skýringar, frh.:

	A hluti		A og B hluti	
	Ársreikningur 2010	Áætlun 2010	Ársreikningur 2010	Áætlun 2010
6. Annar rekstrarkostnaður				
Annar rekstrarkostnaður greinist þannig:				
Vöru- og þjónustukaup	1.809.700	1.765.018	2.091.325	2.028.864
Skattar og önnur opinber gjöld	108.763	92.188	114.513	103.113
Styrkir, framlög og annar kostn.....	455.816	453.496	469.671	468.526
Innri viðskipti.....	(956.286)	(951.656)	(1.064.189)	(1.046.371)
	<u>1.417.993</u>	<u>1.359.046</u>	<u>1.611.320</u>	<u>1.554.132</u>

7. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) greinast þannig:

Vaxtatekjur og verðbætur	15.477	27.000	17.452	28.680
Arður af eignarhlutum	46.447	48.742	7.105	9.400
Vaxtagjöld og verðbætur	(441.577)	(438.848)	(472.793)	(490.705)
Vextir og verðbætur frá eigin fyrirtækjum	52.733	36.986	0	0
Gengismunur	33.487	0	33.487	0
Fjármunatekjur og fjármagns- gjöld samtals	<u>(293.433)</u>	<u>(326.120)</u>	<u>(414.749)</u>	<u>(452.625)</u>

8. Heildaryfirlit um rekstur

Rekstur málaflokka, stofnana og fyrirtækja sveitarfélagsins greinist þannig:

	Ársreikningur 2010			Áætlun 2010
	Gjöld	Tekjur	Mismunur	Nettó
Aðalsjóður:				
Skatttekjur.....		3.553.500	3.553.500	3.542.940
Félagsþjónusta.....	314.707	57.737	(256.970)	(260.321)
Fræðslu- og uppeldismál.....	2.451.532	291.191	(2.160.341)	(2.153.075)
Menningarmál.....	108.091	9.442	(98.649)	(101.309)
Æskulýðs- og íþróttamál.....	831.049	232.688	(598.361)	(568.163)
Brunamál og almannavarnir.....	49.102	0	(49.102)	(48.091)
Hreinlætismál.....	82.477	58.399	(24.078)	(30.367)
Skipulags- og byggingarmál.....	69.532	29.833	(39.699)	(36.065)
Umferðar- og samgöngumál.....	165.851	0	(165.851)	(163.202)
Umhverfismál.....	73.499	8.421	(65.078)	(65.911)
Atvinnumál.....	10.316	0	(10.316)	(10.140)
Sameiginlegur kostnaður.....	358.370	54.766	(303.604)	(283.343)
Fjármunatekjur og fjármagns- gjöld	36.627	416.642	380.015	427.383
Aðalsjóður samtals	<u>4.551.152</u>	<u>4.712.619</u>	<u>161.467</u>	<u>250.336</u>
A hluta stofnana:				
Eignasjóður.....	929.746	612.260	(317.486)	(410.971)
Fasteignafélagið Lækjarhlíð ehf.....	150.824	120.580	(30.244)	(30.665)
Þjónustumiðstöð.....	87.537	59.467	(28.070)	(20.338)
Innri færslur A hluta	(818.857)	(818.857)	0	0
A hluti samtals	<u>4.900.402</u>	<u>4.686.069</u>	<u>(214.333)</u>	<u>(211.638)</u>

Skýringar, frh.:

	Ársreikningur 2010			Áætlun 2010
	Gjöld	Tekjur	Mismunur	Nettó
B hluta fyrirtæki:				
Hitaveita	205.939	221.040	15.101	7.006
Vatnsveita.....	102.823	133.041	30.218	30.761
Fráveita	106.080	123.272	17.192	8.978
Félagslegar íbúðir.....	31.997	29.989	(2.008)	(1.754)
Félagsheimilið Hlégarður	16.266	4.770	(11.496)	(12.954)
Innri færslur A og B hluta.....	(117.839)	(117.839)	(39.342)	(39.342)
A og B hluti samtals	5.245.669	5.080.342	(204.669)	(218.943)

9. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

	Fasteignir,		Vélar, áhöld		Samtals
	lóðir og lendur	Gatnamannvirki	og tæki		
A hluti					
Heildarverð 1.1. 2010	9.326.812	882.882	45.617		10.255.311
Afskrifað áður	(1.566.252)	(58.795)	(24.281)		(1.649.327)
Bókfært verð 1.1. 2010	7.760.561	824.086	21.336		8.605.983
Viðbót á árinu	463.128	103.753	1.200		568.080
Uppgjör gatnahverfa sbr. skýr. 3.....	0	(55.118)	0		(55.118)
Afskrifað á árinu	(152.877)	(9.789)	(4.258)		(166.923)
Bókfært verð 31.12. 2010	8.070.812	862.932	18.279		8.952.023
Samtals heildarverð 31.12. 2010	9.789.940	931.517	46.817		10.768.273
Afskrifað samtals	(1.719.128)	(68.584)	(28.538)		(1.816.251)
Bókfært verð 31.12. 2010	8.070.812	862.932	18.279		8.952.023
Þar af verk í vinnslu.....	0	476.965	0		476.965
Afskriftarhlutföll	0-2,5%	4,0%	15,0%		

Leigðar eignir greinast þannig:

	Samtals
Fært í efnahag í árslok	217.754
Leiðrétt staða 1.1.	70.970
Heildarverð 31.12.2010	288.725
Afskrifað í upphafi árs.....	(73.748)
Leiðrétt staða 1.1.	(394)
Afskrifað á árinu.....	(18.378)
Afskrifað samtals 31.12.2010	(92.521)
Bókfært verð 31.12.2010	196.204
Afskriftarhlutföll	5-7%

Skýringar, frh.:

Samantekið:

Varanlegir rekstrarfjármunir samtals í ársbyrjun	8.820.566
Viðbót á árinu	568.080
Fært út á árinu	(55.118)
Afskriftir samtals á árinu	(185.302)
Varanlegir rekstrarfjármunir samtals í árslok	9.148.226

	Fasteignir, lóðir og lendur	Gatna- og veitumannvirki	Vélar, áhöld og tæki	Samtals
A og B hluti				
Heildarverð 1.1. 2010	9.643.482	3.323.305	51.491	13.018.278
Afskrifað áður	(1.652.905)	(1.304.128)	(29.567)	(2.986.600)
Bókfært verð 1.1. 2010	7.990.576	2.019.177	21.924	10.031.677
Viðbót á árinu	463.128	232.310	1.200	696.638
Uppgjör gatnahverfa sbr. skýr. 3.....	0	(55.118)	0	(55.118)
Afskrift á árinu	(160.793)	(64.375)	(4.258)	(229.426)
Endurmat lóða og lendna.....	0	0	0	0
Bókfært verð 31.12.2010	8.292.911	2.131.996	18.866	10.443.772
Samtals heildarverð 31.12.2010	10.106.609	3.500.498	52.691	13.659.798
Afskrifað samtals	(1.813.699)	(1.368.502)	(33.825)	(3.216.026)
Bókfært verð 31.12.2010	8.292.911	2.131.996	18.866	10.443.772
Þar af verk í vinnslu.....	0	476.965	0	476.965
Afskriftarhlutföll	0-2,5%	2,5-4,0%	15,0%	

9. Varanlegir rekstrarfjármunir frh.:

A og B hluti, frh.

Leigðar eignir greinast þannig:

	Samtals
Fært í efnahag í árslok	217.754
Leiðrétt staða 1.1.	70.970
Heildarverð 31.12.2010	288.725
Afskrifað í upphafi árs	(73.748)
Leiðrétt staða 1.1.	(394)
Afskrifað á árinu	(18.378)
Afskrifað samtals 31.12.2010	(92.521)
Bókfært verð 31.12.2010	196.204
Afskriftarhlutföll.....	5-7%

Samantekið:

Varanlegir rekstrarfjármunir samtals í ársbyrjun.....	10.246.260
Viðbót á árinu.....	696.638
Fært út á árinu.....	(55.118)
Afskriftir samtals á árinu.....	(247.804)
Varanlegir rekstrarfjármunir samtals í árslok.....	10.639.976

Varanlegir rekstrarfjármunir A og B hluta samtals 10.639.976

Skýringar, frh.:

Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum á árinu 2010 greinist þannig:

	Fjárfesting ársins	Fjárhagsáætlun
A hluti		
Fasteignir, áhöld og tæki:		
Krikaskóli, leik- og grunnskóli,	350.093	280.000
Íþróttahús, viðbætur.....	11.678	5.000
Varmárskóli, viðbætur.....	17.875	20.000
Golfvöllur, viðbætur.....	11.084	49.000
Lágafellsskóli, viðbætur.....	13.984	20.000
Bláfjöll skíðaáæðstaða.....	2.618	3.000
Hjúkrunarheimili	5.091	15.000
Ævintýragarður.....	868	5.000
Framhaldsskóli og lausar stofu við Brúarland.....	32.579	30.000
Leirvogstunguskóli.....	0	6.000
Menningarhús / Hlégarður.....	824	30.000
Ýmsar fasteignir, lóðir og lendur.....	16.434	11.000
Áhöld og tæki.....	1.200	0
Fasteignir samtals	464.328	474.000
Gatnakerfi:		
Gatnaframkvæmdir.....	113.565	106.000
Gatnagerðartekjur, nettó endurgreiðsla.....	(9.813)	(106.000)
Gatnakerfi samtals	103.753	0
A hluti samtals	568.080	474.000
B hluti		
Hítaveita:		
Stofnkostnaður.....	18.255	5.000
Heimæðagjöld	(4.018)	0
	14.237	5.000
Vatnsveita:		
Stofnkostnaður	15.794	5.000
Heimæðagjöld	(130)	0
	15.664	5.000
Fráveita:		
Stofnkostnaður	98.657	9.000
Heimæðagjöld og endurgreiðslur ríkissjóðs.....	0	0
	98.657	9.000
B hluti samtals	128.558	19.000
Samtals A og B hluti	696.638	493.000

Skýringar, frh.:

9. Varanlegir rekstrarfjármunir frh.:

Fasteignamat og váttryggingaverð

Brunabótamat, fasteignamat og bókfært verð varanlegra rekstrarfjármuna skiptist þannig:

	Brunabótamat	Fasteignamat	Bókfært verð 31.12 2010
Skólahúsnæði	4.374.605	2.412.834	3.543.790
Leikskólar	751.334	412.099	505.201
Íþróttamannvirki	2.381.264	1.352.058	2.060.360
Íbúðarhúsnæði	518.200	501.300	191.398
Aðrar fasteignir	768.323	396.167	264.636
Lóðir og lendur í útleigu		16.329.484	1.480.581
Veitumannvirki			1.269.064
Gatnamannvirki			1.077.105
Leigðar eignir			196.204
Vélar, áhöld og búnaður			18.640
Samtals			<u>10.606.979</u>

Veðsetningar

Á fasteign Fasteignafélagsins Lækjarhlíðar ehf. hvílir þinglýst veð til tryggingar á langtímaskuldum að eftirstöðvum 1.080,3 millj. kr.

Viðlagatrygging

Samkvæmt ákvæðum laga og reglugerðar um viðlagatryggingu eru veitumannvirki og götulýsing tryggð vegna náttúruhamfara. Tryggingaverðmæti fráveitu nemur 1.898,2 millj. kr., vatnsveitu 894,3 millj. kr., hitaveitu 482,3 millj. kr. og götulýsingar 354,1 millj. kr. í árslok 2010.

Tryggingarverð lausafjármuna

Tryggingarverð lausafjármuna greinist þannig:

	A hluti	A og B hluti
Grunnskólar	421.770	421.770
Íþróttamannvirki	106.213	106.213
Leikskólar	77.534	77.534
Félagsmiðstöð	3.275	3.275
Listaskóli.....	41.874	41.874
Þjónustumiðstöð	96.260	96.260
Bókasafn.....	106.222	106.222
Bæjarskrifstofur	70.863	70.863
Félagsheimilið Hlégarður		23.706
	<u>924.011</u>	<u>947.717</u>

10. Eignarhlutir í félögum

Eignarhlutir í félögum greinast þannig:

	Eignarhlutur	Nafnverð	A hluti Bókfært verð	A og B hluti Bókfært verð
FS 58 ehf.	33,33%	1.000	1.000	1.000
Landskerfi bókasafna hf.	1,20%	1.615	1.615	1.615
Lánasjóður sveitarfélaga ohf.	1,49%	131.909	131.909	131.909
Slökkvilið höfuðborgar-..... svæðisins bs.....	3,41%	23.891	23.891	23.891
Sorpa bs.	3,10%	16.809	16.809	16.809
Spölur hf.		6	6	6
Strætó bs.	4,21%	30.230	30.230	30.230
			<u>205.461</u>	<u>205.461</u>

Skýringar, frh.:

11. Langtímakröfur

Breyting langtímakrafna á árinu greinist þannig:

	A hluti	A og B hluti
Staða langtímakrafna í ársbyrjun	150.885	152.966
Afborgun verðbréfaeignar og uppgreiðslur á árinu	(26.425)	(26.756)
Endurflokkað á árinu.....	(1.267)	(1.267)
Verðbætur.....	1.925	1.975
Langtímakröfur samtals, þ.m.t. næsta árs og gjaldfallnar afborganir.....	125.118	126.918
Næsta árs og gjaldfallnar afborganir	(15.744)	(16.088)
	<u>109.374</u>	<u>110.830</u>

Afborganir langtímakrafna greinast þannig á næstu ár:

Gjaldfallnar og næsta árs afborganir.....	15.744	16.088
Árið 2012	15.660	16.012
Árið 2013	2.829	3.190
Árið 2014	2.829	3.199
Árið 2015	2.829	3.202
Síðar	85.227	85.227
Langtímakröfur samtals, þ.m.t. næsta árs og gjaldfallnar afborganir.....	<u>125.118</u>	<u>126.918</u>

Meðal langtímakrafna er verðbréf að fjárhæð 60,0 millj. kr. sem er víkjandi lán til Fasteignafélagsins Lækjarhlíðar ehf., sem veitt var í samræmi við hluthafasamkomulag sem stofnendur félagsins gerðu með sér á árinu 2005. Krafan er óverðtryggð.

12. Langtímakröfur á eigin fyrirtæki

Breyting langtímakrafna á eigin fyrirtæki í B hluta á árinu greinist þannig:

	A hluti	A og B hluti
Staða langtímakrafna í ársbyrjun	494.339	0
Afborganir langtímakrafna á árinu	(11.382)	0
Verðbætur.....	12.907	0
Langtímakröfur samtals, þ.m.t. næsta árs afborganir.....	495.863	0
Næsta árs afborganir	(11.894)	0
	<u>483.969</u>	<u>0</u>

Afborganir langtímakrafna á eigin fyrirtæki í B hluta greinast þannig á næstu ár:

Árið 2011	11.894	0
Árið 2012	12.430	0
Árið 2013	12.989	0
Árið 2014	13.573	0
Árið 2015	14.184	0
Síðar.....	418.899	0
Langtímakröfur samtals, þ.m.t. næsta árs afborganir.....	<u>483.969</u>	<u>0</u>

13. Skammtímakröfur og verðbréf

Niðurfærsla skammtímakrafna og verðbréfa greinist þannig:

Niðurfærsla í ársbyrjun	350.116	351.241
Afskrifað á árinu	860	860
Breyting niðurfærslu á árinu	69.495	69.882
Niðurfærsla í árslok	<u>420.472</u>	<u>421.983</u>

Skýringar, frh.:

14. Eigið fé

Yfirlit um eiginfjárreikning:	A hluti	A og B hluti
Eigið fé 1.1. 2010	3.507.433	3.801.910
Rekstrarniðurstaða ársins	(214.332)	(204.668)
Eigið fé 31.12. 2010	3.293.101	3.597.242

15. Lífeyrisskuldbinding

Á sveitarfélaginu hvílir skuldbinding vegna lífeyrisréttinda starfsmanna sveitarfélagsins. Reiknuð hækkun á árinu á lífeyrisréttindum, sem byggð er á útreikningi tryggingastærðfræðings, er færð í rekstrarreikning og til hækkunar á lífeyrisskuldbindingunni. Greiddur lífeyrir á árinu að fjárhæð 18,1 millj. kr., er færður til lækkunar á lífeyrisskuldbindingunni. Breyting á lífeyrisskuldbindingu á árinu 2010 greinist þannig:

	A hluti	A og B hluti
Lífeyrisskuldbinding 1.1.2010	833.636	833.636
Reiknuð hækkun lífeyrisskuldbindingar á árinu sbr. skýr. 4 n	51.296	51.296
Greitt vegna lífeyrisskuldbindingar á árinu	(18.143)	(18.143)
Lífeyrisskuldbinding í árslok 2010	866.789	866.789

16. (Tekjuskattsskuldbinding) / tekjuskattseign

(Tekjuskattsskuldbinding) / tekjuskattseign er reiknuð í tveimur stofnunum sveitarfélagsins. Tekjuskattsskuldbinding er í Fasteignafélaginu Lækjarhlíð ehf. og tekjuskattseign er í Hitaveitu Mosfellsbæjar.

(Tekjuskattsskuldbinding) tekjuskattseign greinist þannig:

	A hluti	A og B hluti
(Tekjuskattsskuldbinding) tekjuskattseign 1.1.2010.....	(5.586)	46.725
Vegna breytingu á skatthlutfalli.....	(7)	5.585
Leiðrétt vegna fyrri ára.....	0	84
Reiknaður tekjuskattur.....	468	(1.601)
(Tekjuskattsskuldbinding) tekjuskattseign 31.12.2010.....	(5.125)	50.793

(Tekjuskattsskuldbinding) tekjuskattseign skiptist þannig:

Varanlegir rekstrarfjármunir.....	(82.390)	(34.922)
Viðskiptakröfur.....	0	(212)
Yfirfæranlegt tap.....	77.265	85.927
(Tekjuskattsskuldbinding) tekjuskattseign 31.12.2010.....	(5.125)	50.793

Skýringar, frh.:

17. Langtímaskuldir

Breyting langtímalána á árinu greinist þannig:

	Gengistryggð lán	Verðtryggð lán	Samtals
A hluti			
Staða lána í ársbyrjun	402.091	4.666.857	5.068.947
Tekin ný lán.....	0	920.000	920.000
Afborganir af lánum	(60.508)	(435.337)	(495.845)
Verðbætur og gengismunur	(33.487)	157.712	124.226
Langtímaskuldir samtals, þ.m.t. næsta árs afborganir.....	308.095	5.309.232	5.617.328
Næsta árs afborgun	(58.178)	(491.523)	(549.701)
	249.917	4.817.710	5.067.627

Vaxtakjör í árslok..... 0,90% - 6,17% 4,25% - 6,0%

A og B hluti

Staða lána í ársbyrjun	402.091	5.250.780	5.652.871
Tekin ný lán.....	0	920.000	920.000
Afborganir af lánum	(60.508)	(466.861)	(527.369)
Verðbætur og gengismunur	(33.487)	172.582	139.095
Langtímaskuldir samtals, þ.m.t. næsta árs afborganir.....	308.095	5.876.501	6.184.597
Næsta árs afborgun	(58.178)	(523.622)	(581.800)
	249.917	5.352.879	5.602.796

Vaxtakjör í árslok..... 0,90% - 6,17% 1,00% - 6,00%

Lán í erlendum gjaldmiðlum eru öll tekin hjá innlendum fjármálastofnunum.

Afborganir af langtímaskuldum greinast þannig á næstu ár:

	A hluti	A og B hluti
Árið 2011	549.701	581.800
Árið 2012	516.410	543.111
Árið 2013	1.447.740	1.474.543
Árið 2014	458.802	482.790
Árið 2015	376.983	401.075
Síðar	2.267.692	2.701.277
Langtímaskuldir samtals, þ.m.t. næsta árs afborganir	5.617.328	6.184.597

Í ársbyrjun 2011 var gengið frá endurfjármögnun láns sem var með lokagjaldþaga 2013.

Skýringar, frh.:

18. Leiguskuldir

Sveitarfélagið hefur gert þrjá leigusamninga um fasteignir sem færðir eru til skuldar. Leigusamningar eru verðtryggðir í íslenskum kr. Leigusamningar greinast þannig:

A hluti:	Bókfært verð
Háholt 14, Listaskóli	38.059
Þverholt 2, 1. hæð, bókasafn, listasalur og þjónustuver	129.305
Þverholt 2, 2. hæð, skrifstofur og fundarsalir	141.778
Samtals A hluti þ.m.t. næsta árs afborgun	309.142
Næsta árs afborgun	23.873
Samtals langtímahluti skuldbindingar vegna leigusamninga A hluta	285.269

A og B hluti:	
Samtals skuldbinding vegna leigusamninga þ.m.t. næsta árs afborgun A og B hluti	309.142
Næsta árs afborgun	23.873
Samtals langtímahluti skuldbindingar vegna leigusamninga A og B hluta	285.269

Aðrar upplýsingar um leigusamninga:

	Leigutími	Afvöxtunar- stuðull	Núvirði lágmarks- leigugreiðslna
A hluti:			
Háholt 14, Listaskóli	2000-2015	5%	38.059
Þverholt 2, bókasafn, listasalur og þjónustuver	2004-2024	5%	129.305
Þverholt 2, skrifstofur og fundarsalir	2009-2023	5%	141.778
			309.142

Ónúvirtar lágmarksleigugreiðslur samninga greinast þannig:

	Listaskóli	Bókasafn listasalur o.fl.	Skrifstofur og fundarsalir	Samtals
Árið 2011	8.426	6.599	8.848	23.873
Árið 2012	8.857	6.937	9.300	25.094
Árið 2013	9.310	7.292	9.776	26.378
Árið 2014	9.787	9.665	10.276	29.727
Árið 2015	1.679	8.057	10.802	20.538
Afborgun síðar.....	0	90.756	92.776	183.533
Samtals.....	38.059	129.305	141.778	309.142

Greiðslur vegna leigusamninga á árinu 2010 námu 46,8 millj. kr.

Leigusamningar

Hið leigða:	Lok samningstíma	Gjaldfærð leiga á árinu
Háholt 14, Listaskóli.....	2015	12.450
Þverholt 2, bókasafn, listasalur og þjónustuver.....	2024	16.485
Þverholt 2, skrifstofur og fundarsalir.....	2022	17.827
		46.763

Skýringar, frh.:

19. Heildaryfirlit um fjárhagsstöðu A og B hluta í árslok

Eignir, skuldir og eigið fé sveitarfélagsins greinist þannig:

	Eignarhluti	Eignir	Skuldir	Eigið fé
A hluti	100%	10.789.970	7.496.871	3.293.100
Hitaveita	100%	501.199	174.908	326.291
Vatnsveita	100%	336.516	0	336.516
Fráveita	100%	553.653	664.268	(110.615)
Félagslegar íbúðir	100%	204.754	340.441	(135.687)
Félagsheimilið Hlégarður	100%	30.927	143.290	(112.363)
Millifærslur, innbyrðis staða		(744.791)	(744.791)	(0)
Heildarstaða í árslok		11.672.229	8.074.988	3.597.242

20. Tengdir aðilar

Aðal- og varamenn í sveitarstjórn auk æðstu stjórnenda sveitarfélagsins eru skilgreindir sem tengdir aðilar sveitarfélagsins. Makar þessara aðila og ófjárráða börn og aðrir fjárhagslega háðir einstaklingar falla einnig undir skilgreininguna ásamt fyrirtækjum í eigu eða undir stjórn þessara aðila.

Sveitarfélagið hefur átt viðskipti við tengda aðila á árinu en viðskiptin eru á sömu forsendum og þegar um ótengda aðila er að ræða og eru skilyrði og skilmálar viðskiptanna sambærileg og við ótengda aðila. Við ákvörðun um viðskipti við tengda aðila er farið að hæfisreglum 19. gr. sveitarstjórnarlaga.

21. Skuldbindingar utan efnahagsreiknings

Leigusamningar

Sveitarfélagið hefur gert samning um leigu húsnæðis fyrir Héraðsskjalasafn að Þverholti 2. Samningurinn rennur út á árinu 2011.

Innlausnarskylda

Á sveitarfélaginu hvílir innlausnarskylda vegna 12 félagslegra eignaríbúða. Samanlagt innlausnarverð þeirra, þ.e. framreiknað stofnverð að frádregnum afskriftum nam 183,2 millj. kr. í árslok 2010. Frá þessari fjárhæð má, við mat á skuldbindingunni, draga áætlað söluverð á sambærilegum íbúðum í sveitarfélaginu.

Uppbygging nýrra hverfa

Sveitarfélagið hefur gert samninga við einkahlutafélög um uppbyggingu íbúða / sérþýla í landi Leirvogstungu og Helgafells. Samningur um uppbyggingu í landi Leirvogstungu frá 15. febrúar 2006 tekur til um 414 íbúða / sérþýla en samningur um uppbyggingu í landi Helgafells frá 2. júní 2006 tekur til u.þ.b. 1.020 íbúða / sérþýla. Samningur um uppbyggingu í landi Leirvogstungumela frá 26. júní 2007 tekur til uppbyggingu 22 athafnalóða. Samkvæmt samningunum sjá einkahlutafélögin um framkvæmdir við gerð gatna, lagna, opinna svæða ofl., auk þess sem félögin munu leggja til sérstakt framlag til sveitarfélagsins vegna hvernar íbúðaeiningar sem byggðar verða og nýtist m.a. til byggingar grunnskóla og leikskóla.

Mosfellsbær fer með skyldur sveitarfélags gagnvart svæðunum, sem felast m.a. í því að annast um gerð svæðisskipulags, aðalskipulags og deiliskipulags, veitingu byggingarleyfa, annast byggingareftirlit og vinnu að sameiginlegum velferðarmálum fyrir væntanlega íbúa svæðanna eftir því sem lög ákveða og fært þykir á hverjum tíma.

Skýringar, frh.:

21. Skuldbindingar utan efnahagsreiknings frh.:

Sjálfskuldarábyrgð

Sveitarfélagið er í sjálfskuldarábyrgð vegna láns að fjárhæð 246 millj. kr. sem Helgafellsbyggingar ehf. tók á árinu 2009 til uppgreiðslu á þremur víxlum, að fjárhæð 240 millj. kr., sem tryggðir voru með bakábyrgð Mosfellsbæjar. Sjálfskuldarábyrgðin tekur einungis til höfuðstóls lánsins en ekki áfallinna vaxta og kostnaðar. Á móti sjálfskuldarábyrgðinni hefur sveitarfélagið tekið tryggingu í formi veða í tilteknum lóðum og fasteignum í Helgafellshverfi.

Styrkir til íþróttafélaga

Sveitarfélagið hefur gert samninga við íþróttafélög í bænum um fjárframlög á árunum 2011 til 2014 þar sem sveitarfélagið veitir fjárhagslega aðstoð við uppbyggingu íþróttastarfsemi, samtals að fjárhæð 98,5 millj. kr. á samningstímanum.

Byggðasamlög

Sveitarfélagið er ásamt öðrum sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu þátttakandi í þremur byggðasamlögum, sbr. skýr. 10. Sveitarfélögin bera hlutfallslega ábyrgð á skuldum og skuldbindingum byggðasamlaganna miðað við samanlagða íbúatölu á hverju ári.

Önnur mál

Mosfellsbær og Eir hjúkrunarheimili gerðu á árinu 2006 með sér þjónustusamning þar sem Eir tók að sér að reisa í Mosfellsbæ öryggisíbúðir og þjónustumiðstöð og annast félagslega heimaþjónustu við íbúa íbúðanna og aðra íbúa í Mosfellsbæ fyrir hönd Mosfellsbæjar á grundvelli laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991.

Í maí 2010 var skrifað undir samning við ríkið um byggingu og þáttöku í leigu hjúkrunarheimilis fyrir aldraða í Mosfellsbæ. Samningurinn felur í sér að Mosfellsbær sér um hönnun og byggingu 30 rýma hjúkrunarheimilis sem verður fjármögguð af Íbúðalánasjóði. Ríkið og sveitarfélagið munu gera samning um rekstur heimilisins en Mosfellsbær mun leigja ríkinu húsnæðið til nota fyrir hjúkrunarheimilið. Áætlaður heildarkostnaður við bygginguna nemur 801 millj. kr. Á árinu 2010 féll til kostnaður við undirbúning og hönnun byggingarinnar að fjárhæð 5 millj. kr. sem er eignfærður í Eignasjóði.

Mosfellsbær áformar í samvinnu við ríkið að byggja nýjan framhaldsskóla í Mosfellsbæ. Í samningi aðila sem undirritaður var 19. febrúar 2008 er gert ráð fyrir að heildarkostnaður verði ekki meiri en sem nemur 1.159 millj. kr. á verðlagi apríl 2011 og þar af greiðir Mosfellsbær 40%, eða 464 millj. kr. Greiðslurnar dreifast á árin 2010 til og með 2013.

Mosfellsbær hefur gert samninga við hlutafélag um lóð fyrir einkasjúkrahúss. Annars vegar er um að ræða lóðaleigusamning og hins vegar er um að ræða verðtryggðan kaupréttarsamning sem veitir félaginu heimild til að kaupa lóðina fyrir 350 millj. kr. þegar framtíð verkefnisins er tryggð. Kaupverðið greiðist með forgangshlutafé í félaginu sem það kaupir svo aftur af Mosfellsbæ samhliða arðgreiðslum.

Skýringar, frh.:

22. Lykiltölur

Yfirlit um lykiltölur:

	A hluti		A og B hluti	
	Ársreikningur	Áætlun	Ársreikningur	Áætlun
Í hlutfalli við rekstrartekjur:				
Útsvar	65,7 %	67,7 %	59,8 %	61,6 %
Fasteignaskattur	11,3 %	11,5 %	10,3 %	10,5 %
Framlög Jöfnunarsjóðs.....	7,8 %	7,5 %	7,1 %	6,8 %
Lóðarleiga.....	1,8 %	1,8 %	1,6 %	1,7 %
Innri viðskipti.....	(2,6%)	(2,3%)	(2,5%)	(2,2%)
Skatttekjur samtals.....	83,9 %	86,3 %	76,4 %	78,4 %
Aðrar tekjur	16,1 %	13,7 %	23,6 %	21,6 %
Rekstrartekjur samtals	100,0 %	100,0 %	100,0 %	100,0 %
Laun og launatengd gjöld.....	59,0 %	58,9 %	54,2 %	53,9 %
Annar rekstrarkostnaður.....	34,5 %	34,0 %	35,7 %	35,4 %
Rekstrarkostnaður fyrir afskriftir og vexti	93,6 %	92,8 %	89,9 %	89,3 %
Afskriftir.....	4,5 %	4,3 %	5,5 %	5,4 %
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld.....	7,1 %	8,2 %	9,2 %	10,3 %
Tekjuskattur	0,0 %	0,0 %	0,1 %	0,0 %
	105,2 %	105,3 %	104,7 %	105,0 %
Rekstrarniðurstaða	(5,2%)	(5,3%)	(4,7%)	(5,0%)
Veltufé frá rekstri.....	2,1 %	2,7 %	4,0 %	4,4 %
Fjárfestingarhreyfingar.....	(10,3%)	(10,9%)	(12,4%)	3,3 %
Í þús. kr. á íbúa:				
Rekstur:				
Skatttekjur.....	399	400	399	399
Aðrar tekjur	76	64	123	110
Laun og launatengd gjöld	(281)	(273)	(283)	(275)
Annar rekstrarkostnaður	(164)	(157)	(187)	(180)
Afskriftir.....	(21)	(20)	(29)	(27)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld).....	(34)	(38)	(48)	(52)
Tekjuskattur	0	0	0	0
Rekstrarniðurstaða.....	(25)	(25)	(24)	(25)
Sjóðstreymi:				
Veltufé frá rekstri	10	12	21	23
Handbært fé frá rekstri	5	6	14	17
Langtímaskuldir í hlutfalli við veltufé frá rekstri mælt í árum	65,21	52,58	33,90	31,63

Skýringar, frh.:

22. Lykiltölur, frh.:

	Ársreikningur 2010	Ársreikningur 2009	Ársreikningur 2010	Ársreikningur 2009
Efnahagur:				
Eignir.....	1.250	1.223	1.352	1.321
Eigið fé.....	382	411	417	446
Skuldir og skuldbindingar.....	869	811	936	875
Aðrar lykiltölur:				
Veltufjórhlutfall - veltufjórmunir/skammtíma skuldir.....	0,66	0,69	0,50	0,57
Eiginfjórhlutfall - eigið fé/heildarfjóragn.....	0,31	0,34	0,31	0,34
Íbúafjöldi, (heimild: Hagstofa Íslands):				
	2010	2009	2008	2007
Íbúafjöldi 1. desember.....	8.631	8.527	8.469	8.147
Breyting frá fyrra ári.....	1,2 %	4,0 %	8,6 %	4,8 %

Skýringar, frh.:

22. Lykiltölur, frh.:

Yfirlit um lykiltölur A hluta síðustu fimm ár:

	2010	2009	2008	2007	2006
Í hlutfalli við rekstrartekjur:					
Útsvar	65,7 %	64,2 %	63,3 %	61,5 %	65,1 %
Fasteignaskattur	8,7 %	11,0 %	10,2 %	9,1 %	7,4 %
Framlög Jöfnunarsjóðs.....	7,8 %	5,1 %	7,0 %	8,7 %	9,0 %
Lóðarleiga.....	1,8 %	1,8 %	1,7 %	1,6 %	1,4 %
Skatttekjur samtals.....	83,9 %	82,1 %	82,2 %	80,9 %	83,0 %
Aðrar tekjur	16,1 %	17,9 %	17,8 %	19,1 %	17,0 %
Rekstrartekjur samtals	100,0 %	100,0 %	100,0 %	100,0 %	100,0 %
Laun og launatengd gjöld.....	59,0 %	56,2 %	49,2 %	48,4 %	55,3 %
Annar rekstrarkostnaður.....	34,5 %	37,2 %	38,4 %	33,3 %	30,1 %
Rekstrarkostnaður fyrir afskriftir og vexti	93,6 %	93,4 %	87,6 %	81,7 %	85,4 %
Afskriftir.....	4,5 %	3,6 %	2,7 %	2,8 %	3,1 %
(Fjármunatekjur) og fjármagnsgjöld.....	7,1 %	11,1 %	10,3 %	(0,1%)	5,0 %
Rekstrarkostnaður samtals.....	105,2 %	108,1 %	100,7 %	84,4 %	93,5 %
Rekstrarniðurstaða, (neikvæð)	(5,2%)	(8,1%)	(0,7%)	15,6 %	6,9 %
Veltufé frá rekstri.....	2,1 %	0,7 %	9,4 %	13,8 %	16,0 %
Fjárfestingarhreyfingar.....	(10,3%)	(25,7%)	(17,6%)	(5,6%)	(12,6%)
Í þús. króna á íbúa:					
Rekstur:					
Skatttekjur.....	399	399	414	360	327
Aðrar tekjur	76	87	90	85	67
Laun og launatengd gjöld	281	273	248	215	218
Annar rekstrarkostnaður	164	181	193	148	119
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld).....	(34)	(54)	(52)	0	(20)
Rekstrarniðurstaða.....	(25)	(38)	(3)	69	25
Sjóðstreymi:					
Veltufé frá rekstri	10	3	47	61	63
Handbært fé frá rekstri	5	(21)	64	38	77
Efnahagur:					
Eignir.....	1.250	1.223	898	657	664
Eigið fé.....	382	411	274	273	199
Skuldir og skuldbindingar.....	869	811	624	383	465

Skýringar, frh.:

22. Lykiltölur, frh.:

	2010	2009	2008	2007	2006
Aðrar lykiltölur:					
Langtímaskuldir í hlutfalli við veltufé frá rekstri mælt í árum	65,21	177,07	8,14	3,91	4,56
Veltufjárlutfall - veltufjármunir/ skammtímaskuldir.....	0,66	0,69	0,46	1,12	1,04
Eiginfjárlutfall - eigið fé/heildarfjármagn.....	0,31	0,34	0,30	0,42	0,30
Útsvarprósenta	13,19%	13,03%	12,94%	12,94%	12,94%
Fasteignaskattsprósenta, A-liður	0,220%	0,220%	0,220%	0,225%	0,265%
Fasteignaskattsprósenta, B-liður	1,320%	1,320%	1,320%	0,880%	0,440%
Fasteignaskattsprósenta, C-liður, áður B-liður.....	1,300%	1,200%	1,200%	1,200%	1,200%
Íbúafjöldi , (heimild: Hagstofa Íslands):					
Íbúafjöldi 1. desember.....	8.631	8.527	8.469	8.147	7.501
Breyting frá fyrra ári.....	1,2 %	0,7 %	4,0 %	8,6 %	4,8 %

Skýringar, frh.:

22. Lykiltölur, frh.:

Í yfirliti þessu er borin saman ráðstöfun skatttekna til einstakra málaflokka í A hluta síðustu þrjú árin. Þjónustutekjur og aðrar tekjur sem tilheyra einstökum málaflokkum hafa verið dregnar frá gjöldum viðkomandi málaflokks. Fjárhæðir eru í þús. kr. og á verðlagi hvers árs.

	2010	Hlutfall af skatt.	2009	Hlutfall af skatt.	2008	Hlutfall af skatt.
Aðalsjóður:						
Skatttekjur	3.554	100,0%	3.401	100,0%	3.510	100,0%
Félagsþjónusta	(257)	7,2%	(235)	6,9%	(195)	5,6%
Fræðslu- og uppeldismál	(2.160)	60,8%	(2.093)	61,5%	(1.927)	54,9%
Menningarmál	(99)	2,8%	(99)	2,9%	(103)	2,9%
Æskulýðs- og íþróttamál	(598)	16,8%	(545)	16,0%	(493)	14,0%
Brunamál og almanna- varnir	(49)	1,4%	(50)	1,5%	(48)	1,4%
Hreinlætismál	(24)	0,7%	(30)	0,9%	(46)	1,3%
Skipulags- og byggingar- mál	(40)	1,1%	(35)	1,0%	(23)	0,7%
Umferðar- og sam- göngumál	(166)	4,7%	(176)	5,2%	(162)	4,6%
Umhverfismál	(65)	1,8%	(46)	1,3%	(84)	2,4%
Atvinnumál	(10)	0,3%	(7)	0,2%	(3)	0,1%
Sameiginlegur kostnaður ...	(304)	8,5%	(281)	8,3%	(385)	11,0%
Fjármunatekjur og fjár- magnsgjöld	380	(10,7%)	652	(19,2%)	507	(14,4%)
Aðalsjóður samtals	161		457		550	
Aðrir sjóðir í A hluta:						
Eignasjóður	(317)	8,9 %	(682)	20,0 %	(559)	15,9%
Þjónustumiðstöð	(30)	0,9 %	(77)	2,3 %	(3)	0,1 %
Fasteignafélagið Lækjarhlíð ehf.	(28)	0,8 %	(20)	0,6 %	(14)	0,4 %
A hluti samtals	(214)	(6,0%)	(322)	(9,5%)	(26)	(0,7%)

Fjárfesting í A hluta á árunum 2008 til 2010 greinist þannig eftir málaflokkum í þús. kr. á verðlagi hvers árs:

	2010	%	2009	%	2008	%
Fræðslu- og uppeldismál	415	73,1 %	885	81,0 %	430	43,0 %
Æskulýðs- og íþróttamál	25	4,5 %	25	2,3 %	89	8,9 %
Menningarmál	1	0,1 %	6	0,6 %	0	0,0 %
Umhverfismál	0	0,0 %	0	0,0 %	3	0,3 %
Ýmsar fasteignir, lóðir og lendur	22	3,8 %	16	1,4 %	126	12,6 %
Gatnaframkvæmdir	104	18,3 %	160	14,7 %	330	33,0 %
Þjónustumiðstöð	1	0,2 %	0	0,0 %	21	2,1 %
	568	100,0 %	1.092	100,0 %	1.001	100,0 %